



Okkar mál

*Samstarf um menningu,
mál og læsi í Fellabverfi*

Reykjavík 27. júní 2019

Leiklistarleikskólinn

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Þáttökuskólar og stofnanir:
Leikskólinn Ösp, ábyrgðarskóli
Leikskólinn Holt
Þjónustumiðstöð Breiðholts
Háskóli Íslands

Verkefnisstjóri:
Helga Ágústsdóttir, kennsluráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts

Verkefnið hlaut styrk 2018
Númer samnings: UMS-80

Markmið verkefnis

Markmið *Leiklistarleikskólans* er að innleiða kennsluáðferðir leiklistar í leikskólastarfi á leikskólunum Ösp og Holti með það fyrir augum að auka tjáningu barnanna í gegnum leik og sköpun.

Vonir stjórnenda standa einnig til þess að virkjun leikgleði hjá starfsfólki skólanna muni skila sér í aukinni vellíðan hjá starfsfólki og börnum.

Leiðir að markmiðum

Innleiðingarferlið var unnið eftir aðferðafræðinni: *sérfræðinginn á gólfíð*. Þá eru fremstu sérfræðingar í tilteknu fagi fengnir inn á deildir leikskólanna samhliða starfsfólki í starfi í raunverulegum aðstæðum með börnum leikskólans. Starfsfólk upplifir sérfræðinginn sem samherja og er líklegri til þess að eigna sér verkefnið sem sitt eigið og sinna nýjum áherslum af natni. Sérfræðingurinn gegnir mikilvægu hlutverki fyrirmyndar í starfi og leikskólakennurum gefst rými til þess að yfirfæra nýja þekkingu yfir á eigin styrkleika í starfi. Einnig gefast aukin tækifæri til handleiðslu og eftirfylgdar gegnum óformleg samskipti á meðan viðveru sérfræðinga stendur.

Notast er við *sérfræðingskápuna*, kennsluáferð leiklistar þar sem þátttakendur setja sig í hlutverk innan leikverksins/sögunnar og upplifa atburðarás leikverksins gegnum samskipti og leik við aðrar sögupersónur.

Verkþáttur	Afurð (skv. umsókn)	Lokaframkvæmd
Undirbúnings- tími	Fræðsla, þjálfun og undirbúningur starfsfólks á starfsdegi.	Skipulagsvinna og val á leiðtogum fór fram í ágúst 2018. Ssameiginlegur starfsdagur nýttur í fræðslu, þjálfun og undirbúning. Leiðtogar nutu sérstakar leiðsagnar og fengu viðbótarþjálfun í hlutverki sínu áður en verkefnið fór af stað.
<i>Keyrsla verkefnis og handleiðsla starfsfólks</i>	Leiklistarverkefni í starfi með börnum þar sem börnin njóta kennslu sérfræðinga á sviði leiklistar og starfsfólk nýtur handleiðslu í starfi með börnunum.	Ása Helga Ragnarsdóttir og Steinunn Ólafsdóttir leiddu leiklistarvinnu gegnum kennsluáferðina sérfræðingskápan samhliða starfsfólki í október og nóvember 2018. Leiðtogar skólanna tveggja tóku virkan þátt í leiklistarkennslunni.
<i>Úrvinnsla þekkingar á kennslu-áðferðum leiklistar</i>	Myndadagbók og ígrundun starfsfólks.	Myndadagbókina má því miður ekki birta opinberlega. Valdar myndir má skoða á heimasíðu verkefnisins. Leiðtogar fengu þau verkefni að hanna og leiða sín eigin leiklistarverkefni í starfi með börnunum með aðstoð sérfræðinganna. Leiðtogar hönnuðu sín eigin leiklistarverkefni fyrir börnin á deildunum, unnu kennsluáætlun og keyrðu svo verkefnið undir styrkri handleiðslu sérfræðinganna.

<i>Kynning á vefsíðu Okkar máls</i>	Umfjöllun um verkefnið og dreifing þekkingar	Sjá http://tungumalatorg.is/okkarmal/portfolio/leiklistarleikskolin/
<i>Leiklist á dagskipulagi</i>	(ekki á umsókn)	Til að fyrirbyggja að það fjari undan verkefninu er búið að ráðstafa fjármunum verkefnisins í að útfæra smærri leiklistarverkefni í gegnum málörvunarhringekju á dagskipulagi haustið 2019. Sérfræðingar og leiðtogar vinna þann verkþátt í sameiningu.

Frávik miðað við áætlun verkefnis

Í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir rannsókn á verkefninu, en fjármögnun rannsóknarluta tókst ekki.

Nauðsynlegt reyndist að teygja síðustu kostnaðarliðina inn á haustið 2019.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Há tíðni veikinda á báðum leikskólum og starfsmannabreytingar ollu álagi sem minnkaði þann slagkraft sem leiklistarverkefnið hefði getað haft við bestu mögulegu aðstæður. Engu að síður var mikil almenn ánægja hjá bæði starfsfólki og börnum með verkefnið, sem og kennsluáðferðina.

Gagnlegt hefði verið að rýna í og setja verkefnið í fræðilegt samhengi ef rannsóknarstyrkurinn hefði fengist.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Sköpunargleði starfsfólks jókst umtalsvert í kjölfar verkefnisins. Starfsfólk þjálfaðist í að nýta kennsluáðferðir leiklistar til þess að aðlaga aðferðir og utanaðkomandi sérfræðiþekkingu inn í leikskólalastarfið.

Dæmi um óvænta og frumlega afurð af leiklistarverkefninu er að á Holti samtvinnuðu tengiliðir vinnu með K-PALS, sem áður hafði verið í gangi á deildinni og leiklistarverkefnið. Sú afurð verður að teljast nýjung í leikskólalastarfi og sýnir að mati skýrsluhöfundar hversu dýrmæt aðferðarfræði leiklistar getur verið til þess að aðlaga utanaðkomandi sérfræðiþekkingu úr öðrum greinum en leikskólafræðum að þörfum leikskólans og þroska leikskólalabarnanna, sem læra gegnum leik, sköpun og tjáningu.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Úr fundargerð stýrihóps Okkar máls:

„Allir starfsmenn og stjórnendur sammála um að aðferðin, kennslan og allt tengt leiklistarverkefninu hafi verið meiriháttar. Mikil ánægja á báðum starfsstöðvum en til þess að viðhalda aðferðinni og styrkja í sessi, þyrfti öll deildin að vera samtaka, ekki bara lykilstarfsmenn. Á báðum starfsstöðvum eru hugmyndir um að setja leiklistina inn í dagskipulag.“

Ánægjan er slík að unnið er að því að setja leiklist inn á dagskipulag, þannig að hún verði órjúfanlegur hluti af leikskóladeginum og iðkuð daglega. Trú stjórnenda er að með því fyrirkomulagi verði leiklistarþekkingunni viðhaldið á báðum leikskólum.

Niðurstöður verkefnisins:

Leiklistarverkefnið hefur ekki leyst öll vandmál leikskólanna tveggja. Enn skortir faglærða leikskólakennara til starfa og samsetning barnahópsins gerir meiri kröfur til færni og sérþekkingar starfsfólks en gengur og gerist. En leiklistarverkefnið hefur létt undir í starfi, aukið jákvæðni og gleði í starfi auk þess að gefa starfsfólki ómetanleg verkfæri til þess að standa vörð um grunnildi leikskólans samhliða því að utanaðkomandi sérfræðiþekking er aðlöguð að leikskólastarfi gegnum reynsluheim barnanna með áherslu á sköpun, leik og tjáningu.

Leiklist verður áfram í brennidepli á báðum leikskólum og unnið er að því að setja leiklist inn á dagskipulag. Áfram verður unnið að því að auka þátt leiklistar í öllu starfi leikskólanna tveggja.

Í framhaldi af starfinu á leikskólunum hefur frístund Fellaskóla, Vínafell ákveðið að vinna eftir fyrirmynd leikskólanna tveggja. Hugmyndafræði frístundaheimila á margt sameiginlegt með starfi leikskóla og þar mun myndast ákveðin samfella í starfi með leiklist frá leikskóla og yfir á grunnskólastigið, en börnin í 1. og 2. bekk Fellaskóla njóta lengds skóladags til 15:40 í Vínafelli.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Inni á vefsíðu Okkar máls verkefnis hefur leiklistarverkefnið fengið ákveðinn sess. Sjá: <http://tungumalatorg.is/okkarmal/portfolio/leiklistarleikskolinn/>

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Verkefnisstjóri Okkar máls, Helga Ágústsdóttir, lætur af störfum 31. ágúst n.k.

Dagsetning: 7. júlí 2019

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

Sölveig Þórannsdóttir